

Ed.

8. Frumvarp til laga

[8. mál]

um breyting á lögum nr. 67 1971, um almannatryggingar.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson.

1. gr.

Við 43. gr. laganna bætist nýr liður, i-liður, svo hljóðandi:

Ef sjúklingur þarf að leita til sérfræðings að læknisráði um lengri vegu, skal greiða honum hluta af ferðakostnaði samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Þurfi sjúklingur að leita sérfræðipjónustu á reglubundinn hátt, árlega eða oftar, skal greiða honum ferðakostnaðinn að fullu. Greiðsla ferðakostnaðar miðist við vottorð viðkomandi læknis og sérfræðings.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um almannatryggingar eru í stöðugri endurskoðun, enda sérstök nefnd starfandi að því verkefni. Margar veigamiklar lagfæringar hafa verið gerðar á þessari löggjöf á síðustu árum og sérstök áhersla á það lögð í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Enn biða þó mörg verkefni úrlausnar, sem ekki hefur tekist að ná fram. Hér er að einu þeirra vikið, sem ekki verður hjá komist að ráða á einhverja bót.

Nær öll sérfræðipjónusta á sviði lækninga er á höfuðborgarsvæðinu og þangað verður fólk að leita úr fjarlægum landshlutum, ef sérstakra meiri háttar rannsóknar og aðgerða er þörf. Sérstaklega er þetta tilfinnanlegt hvað kostnað snertir þegar um sjúkdóma er að ræða, sem krefjast reglubundinna ferða á fund sérfræðinga, jafnvel oft á ári. Við allan ferðakostnaðinn bætist svo oft mikill dvalarkostnaður í Reykjavík.

Engin sanngirni er í því, að sjúklingar beri þennan kostnað bóttalaust, því meðan svo er, þá er hér um að ræða stórkostlega mismunun fólks eftir búsetu.

Með nýjum lögum um heilbrigðisþjónustu er að vísu ráð fyrir því gert að flytja aukna sérfræðipjónustu til fjórðungssjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Að því verkefni ber að vinna af alefli, enda um flest hagkvæmari skipan, en enn mun þó langt í land, að á þessu verði sú breyting, sem þyrfti að verða.

Á meðan þess er beðið, þarf að leita annarra leiða, og fullnægjandi verður þessi þjónusta aldrei. Með frumvarpi þessu er lagt til, að annars vegar verði skv. nánari ákvæðum í reglugerð greiddur hluti ferðakostnaðar sjúklings á fund sérfræðings og fari þá sá hluti eftir þeirri vegalengd, sem fara þarf, þannig að hærri hluti yrði greiddur eftir því sem fjarlægðin væri meiri. Hér þarf hvort tveggja að

vera til staðar: vottorð viðkomandi læknis svo og þess sérfræðings, sem til er leitað, svo að misnotkun verði fyrirbyggð sem mest, en einmitt vegna þeirrar hættu mun endurskoðunarnefnd tryggingalaganna hafa hikað við að fara út á þessa braut.

Hins vegar er svo ákvæði um það, að ferðakostnaður þeirra sjúklinga, sem reglulega, árlega eða oftár, þurfa að leita til sérfræðinga vegna sjúkleika síns, verði að fullu greiddur, enda komi þar einnig hvort tveggja til: vottorð læknis heima fyrir svo og viðkomandi sérfræðings.

Ekki skal úr því dregið, að það fyrirkomulag, sem hér er ráð fyrir gert, hefur í för með sér talsverða aukningu á útgjöldum sjúkrasamlaga. Á hitt ber þó fremur að líta, hvert réttlætismál hér er á ferð og hve miklum upphæðum yrði hér létt af þeim, sem svo sannarlega þurfa á því að halda. Þetta fólk á í sem allra flestu að sitja við sama borð og þjóðfélagsþegnar á Faxaflóasvæðinu.

Hér er lagt til, að úr því misrétti, sem nú viðgengst, verði að nokkru bætt. Frumvarpið er flutt af brýnni þörf, samkvæmt mörgum eindregnum áskorunum fólks, sem þarf sjúkleika síns vegna að kosta til miklum fjármunum, sem það fær þó aldrei að fullu bætt, jafnvel þótt frv. þetta nái fram að ganga.

Aðrar skýringar og frekari rökstuðningur kemur fram í framsögu málsins.